

**108. fundur Fræðslu- og frístundanevndar Fjallabyggðar
haldinn í fjarfundi
mánudaginn 7. febrúar 2022 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Hólmar Hákon Óðinsson, varaformaður I lista,
Gauti Már Rúnarsson, aðalmaður, D lista,
Guðrún Linda Rafnsdóttir var fjarverandi en í hans stað sat Jón Garðar Steingrímsson, varamaður, I lista,
Diljá Helgadóttir, aðalmaður, H lista,
Helga Helgadóttir, formaður, D lista,
Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála.

Fundargerð ritaði: Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu-, frístunda og menningarmála.

Fyrir var tekið:

1. Opnun sundlauga í Fjallabyggð um páska 2022 - 2202010

Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar Fjallabyggðar fór yfir hugmyndir um opnunartíma sundlauga um páska 2022.

Niðurstaða

Undir þessum lið sat forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar og fór yfir möguleika á opnun sundlauga í Fjallabyggð um páska. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við endurnýjun búningssklefa sundlaugar í Ólafsfirði í apríl og maí.

2. Foreldrafélag Grunnskóla Fjallabyggðar. Samstarf um forvarnarfræðslu - 2201023

Fræðslu- og frístundanevnd leggur til að í stað árlegs styrks til Foreldrafélags grunnskólans vegna forvarnarstarfs geri Fjallabyggð samning við félagið, til þriggja ára. Forvarnarstarfið yrði unnið í samstarfi við forvarnarteymi grunnskólans.

Niðurstaða

Fræðslu- og frístundanevnd felur deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála að gera drög að samningi við Foreldrafélag grunnskólans um forvarnarstarf og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

3. Reglur Fjallabyggðar um úthlutun styrkja til fræðslumála - 1910006

Fræðslu- og frístundanevnd fer yfir reglur um úthlutun styrkja til fræðslumála m.t.t. hvort uppfæra þurfi þær fyrir næstu úthlutun.

Niðurstaða

Fræðslu- og frístundanevnd yfirfór reglur um úthlutun styrkja til fræðslumála. Nefndin felur deildarstjóra fræðslu-, frístunda og menningarmála að uppfæra reglurnar, ásamt umsóknareyðublaði samkvæmt umræðu á fundinum og leggja

fyrir næsta fund fræðslu- og frístundanevndar.

4. Reglur um skólaakstur í Fjallabyggð - 2202013

Núgildandi reglur um skólaakstur í Fjallabyggð eru síðan 2012.

Niðurstaða

Fræðslu- og frístundanevnd fór yfir reglur um skólaakstur í Fjallabyggð m.t.t. nauðsynlegra breytinga þar sem núgildandi reglur eru síðan 2012. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.

Hólmur Hákon Óðinsson

Gauti Már Rúnarsson

Jón Garðar Steingrímsson

Diljá Helgadóttir

Helga Helgadóttir